



Leikskólinn Sunnuhvoll
Garðabæ



Einkunnarorð:
Fagmennska - Umhyggja - Gleði

Sunnuhvoll

Leikskólinn Sunnuhvoll er ungbarnaleikskóli og hefur verið frá árinu 2013. Sunnuhvoll er heilsueflandi leikskóli og starfar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Einkunnarorð skólans eru *fagmennska, umhyggja og gleði* og eru það þau gildi sem við höfum til hliðsjónar í öllu okkar starfi.

Á Sunnuhvoli er áhersla lögð á hreyfingu, góða næringu og vellíðan barna og starfsfólks. Í hverri viku fara börnin í skipulagðar hreyfistundir, jóga og útiveru. Allur matur er eldaður frá grunni innan húss af matráðnum. Einnig leggjum við áherslu á hreinlæti með því að tannbursta börnin, kennum þeim að þvo hendur og kynnum fyrir þeim koppinn.

Börnin dvelja hér í eitt ár áður en þau fara á aðra leikskóla. Á leikskólanum eru tvær deildir, Fiðrildadeild með 15 pláss og Bangsadeild með 12 pláss.

Námsþættir

Allt nám í leikskóla fer fram í gegnum leikinn.

Leikfimi: tvisvar í viku eru skipulagðar hreyfistundir. Í þeim er farið í helstu þætti hreyfingar eins og jafnvægi, samhæfingu, úthald, þrek og slökun. Með þessu eru börnin að styrkja líkamann og auka hreyfifærni sína.



Jóga: eftir áramót fara börnin í jóga. Þar læra þau alls kyns söngva, jógastöður, hreyfileiki en einnig ró, slökun og öndun. Þetta eru notalegir og góðir tímar og yndislegt að sjá hvað börnin eru fljót að tileinka sér æfingarnar.

Hópatímar: þar er farið í málörvun og fínhreyfivinnu ásamt



skynjun og upplifun. Þar er m.a. lesin saga, sungið, farið með þulur, púslað, perlað, pinnað og spilað, sultað með hrísgrjón og í vatni og leikið á hljóðfæri.



Frjáls leikur: í frjálsum leik fá börnin að velja sjálf efnivið, leikrými og leikfélaga. Í frjálssa leiknum efla þau reynslu sína, áhuga og félagsfærni.

Myndlist/sköpun: börnin komast í kynni við myndlist af ýmsu tagi.
Þau m.a. mála, lita, klippa og líma..



Könnunarleikur: í könnunarleik fá börnin að skoða og kanna verðlausan efnivið sem þau eru ekki vön að vinna með. Börnin fá að upplifa á eigin forsendum án afskipta kennara.

Útivera: útivera er stór þáttur af leikskólastarfinu.
Börnin fara út a.m.k. 1x á dag þegar veður leyfir. Í útiverunni efla börnin allann hreyfiproska.



Aðlögun

Á Sunnuhvoli er þátttökuaðlögun. Aðlögunin tekur að jafnaði viku en foreldrar eru með barninu í þrjá daga og kveðja svo á þeim fjórða. Þrjá fyrstu dagana taka foreldrar fullan þátt í starfi leikskólans með barninu sínu. Þau aðstoða börnin í matartímum, skipta á þeim og leika með þeim og kynnast þannig leikefninu, vistarverunum, dagskipulaginu, starfsfólkinu o.s.frv.

Í aðlögunarferlinu kynnast bæði foreldrar og börn leikskólanum og starfsmönnum hans. Með þessu er vonast til að foreldrar fái öryggi, traust og skilning á starfinu sem síðan færir yfir á börnin.

Eftir þrjá daga kveðja börnin foreldra sína og dvelja í leikskólanum megnið af deginum. Gott er að hafa í huga að aðlögun stendur enn yfir svo ef foreldrar eiga þess kost er gott að hafa leikskóladag barnsins í styttra lagi fyrstu dagana.

Aðlögunarplan:

Dagur 1. Börn og foreldri mæta kl. 9.00 og eru **saman** fram til klukkan 11.30(eða þegar hádegismat lýkur). Við erum inni til að byrja með en um kl. 10.00 fara þeir út sem vilja. Hinir eru inni í leik. Muna að taka með viðeigandi fatnað fyrir bæði börn og foreldra sem hæfir veðri. Eftir hádegisverð fara allir heim

Dagur 2. Börn og foreldrar mæta kl. 9.00 (athugið að börnin þurfa að vera búin að borða morgunverð). Sama plan og á mánudegi nema að þau börn sem ekki sofa í vagni fara heim að loknum hádegisverði. Þau börn sem sofa úti í vagni sofa og borða með okkur nónhressingu. Börn og foreldrar fara heim kl. 15.00.

Dagur 3. Eins og þriðjudagurinn nema að í dag sofa öll börn hvort sem þau sofa inni eða úti. Foreldrar eru með barni sínu alla daginn frá kl. 9.00-15.00.

Dagur 4 og 5. Þá munu þau börnin dvelja í leikskólanum án foreldra.

Munið að koma með aukafatnað fyrir barnið, útiföt fyrir börn og foreldra, vagn, snuð, tuskudýr og þess háttar.

Ef barn getur ekki af einhverjum ástæðum fylgt þessu plani fer aðlögum fram í samráði við deildarstjóra.

Hugleiðingar leikskólakennarans til foreldra í aðlögun

Aðlögun barns á leikskóla tekur tíma en mislangan, allt eftir hverju barni. Engin aðlögun er eins enda börnin misjöfn eins og þau eru mörg.

Aðlögunartímabilið getur verið erfitt og tekið á bæði börn og foreldra. Börnin eru oft að fara frá foreldrum sínum í fyrsta skiptið og það geta verið mikil viðbrigði. Á þessum tíma er mikilvægt að gefa sér góðan tíma, vera til staðar fyrir barnið og leyfa því að kynnast og laga sig að nýjum aðstæðum á sínum forsendum. Það gætu orðið breytingar á lundarfari barnsins heima enda mikið um að vera og margt nýtt í gangi. Mikilvægt er að sýna barninu skilning og athygli.

Á aðlögunartímabilinu líta börnin til foreldranna til að vita hvernig þau eiga að takast á við breyttar ástæður, það er því mikilvægt fyrir foreldra að vera jákvæð og sýna barninu að það að byrja á leikskóla sé eitthvað til að hlakka til. *Öruggir foreldrar leiða til öruggra barna.*

Það er mikilvægt fyrir foreldra að fá spurningum sínum svarað og er tíminn sem foreldrar eyða með barninu í leikskólanum í byrjun aðlögunar tilvalinn til þess. Við hvetjum ykkur til að spyrja eða spjalla ef þið eruð óviss með nokkuð. Það er líka gott fyrir barnið að sjá foreldra og starfsfólk spjalla svo að barnið sjái að traust og vinsemd ríki á milli.

Þegar kemur að því að skilja barnið eftir er ekki óeðlilegt að barnið eigi erfitt með að kveðja foreldrana í fyrstu skiptin. Þetta getur verið erfitt og á því höfum við fullan skilning. Það er mikilvægt að þið farið ekki án þess að kveðja barnið, ef farið er án þess að kveðja getur það skapað óöryggi hjá barninu. Einnig er mikilvægt að

hafa kveðjustundir stuttar og hnitmiðaðar, það getur verið ruglandi fyrir barnið að kveðja foreldri en sjá það svo áfram spjalla við starfsmann. *Ef það er eitthvað sem þið viljið ræða við okkur mælum við með því að þið kveðjið barnið og biðjið okkur frekar um að elta ykkur fram í forstofu í spjall.*

Praktísk atriði

Upplýsingar

Leikskólakennarar eru ekki með fasta viðtalstíma, en hægt er að senda tölvupóst á deildarstjóra, Ragnheiður á Fiðrildadeild ragnheidurs@leikskolarnir.is; og Margrét Anna á Bangsadeild margretanna@leikskolar.is

Við notum upplýsingforritið Karellen sem eflir samskipti milli heimilis og skóla. Þar er viðvera, svefntími og máltíðir skráðar. Einnig er hægt að hafa samskipti í spjalli og fá myndir sendar af barninu.

Á heimasíðu leikskólans eru fréttir og almennar upplýsingar. Mánaðarlega sendum við fréttabréf í tölvupósti og skrifum daglega á upplýsingatöflu frammi í fataklefa hvað við höfum fengist við yfir daginn.

Rukkað er fyrir bleyjur, blautþurkur, krem og annað tilfallandi sem við kemur bleyjuskiptum. Gjaldið er rukkað tvisvar á ári, 1.október og 1.febrúar og kemur það með leikskólagjöldunum.

Lyfjagjöf: að öllu jöfnu eru lyf ekki gefin í leikskólanum. Ef barn þarf nauðsynlega að fá lyf á leikskólatíma þurfa foreldrar að fylla út ákveðið form og koma með lyfiaskammtinn mældan og merktan.

Af öryggisástæðum er mikilvægt fyrir ykkur að láta okkur vita ef símanúmer eða netfang breytist hjá ykkur. Einnig teljum við mikilvægt ef breyting verður á högum barnsins að láta okkur vita þa semr það getur skýrt breytingu í hegðun barnsins – **Við erum bundnar fullum trúnaði.**

Fatnaður

Útifatnaður kemur á mánudagsmorgni og er tekin heim á föstudögum.

Útifatnaður: úlpa, pollagalli og kuldagalli þegar fer að kólna. Tvenn pör af vettlingum, húfu, hlýjir sokkar, hlý peysa og hlýjar buxur.

Innifatnaður sem geymist í leikskólanum: tvær samfellur, sokkabuxur, tvenn pör af sokkum, peysa og buxur.

Inniskór: góðir og liprir skór sem haldast vel á fæti.

Fylgihlutir: tvö snuð til að geyma í leikskólanum og tuskudýr eða annað sem barnið notar í hvíld.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að barnið klæðist þægilegum fötum sem það á auðvelt með athafna sig við dagleg störf. Þröng og óþjál föt geta heft hreyfifroska barnsins.

Nauðsynlegt er að merkja allan fatnað vel!

Leikskólinn Sunnhvoll
v/Vífilsstaði
210 Garðabær
sunnuhvoll.is
sunnuhvoll@leikskolarnir.is
5659480